

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma þó aldrei lægra en kr. 900,00. Lámargsgjald þetta skal endurskoða 1. janúar ár hvert og breytist í sama hlutfalli og fasteignamat í Búlandshreppi. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts leiðir ekki til undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur hreppsnefnd lækkað eða hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Gjald dagar holræsagjalda eru hinir sömu og annarra fasteignagjalda ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Búlandshrepps í S.-Múlasýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í
Reykjavík nr. 480/1987.**

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. samþykktarinnar bætist þetta: „Borgarráð getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt tímabundna undanþágu frá þessari málsgrein, á þeim tíma sem um ræðir í b) og c) lið 4. gr.“

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.